

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/2380
komudagur 7.5. 2004

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
b/t Sigrúnar Brynju Einarsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



Reykjavík, 7. maí 2004.

**Efni: Frumvarp til laga um br. á útvarpslögum og smkpl.
-eignarhald á fjölmiðlum (974. mál).**

Verzlunarráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp.

Verzlunarráð hefur haft þá skoðun að reglur um viðskiptalífið eigi að vera almennar, gegnsæjar og eins einfaldar og tilefni gefst til. Einungis þannig er hægt að tryggja jafnræði meðal atvinnugreina og mestu hagkvæmni á hverjum tíma.

Markmið frumvarpsins er að tryggja fjölbreytta og sjálfstæða fjölmiðla. Sú leið sem valin er felst í því að takmarka eignarhald á fjölmiðlum með ýmsum hætti. Verzlunarráð dregur í efa að ofangreint frumvarp sé til þess fallið að ná markmiðum sínum.

Verzlunarráð telur að fjölmiðlafyrirtæki lúti samkeppnisreglum eins og önnur fyrirtæki. Verzlunarráð furðar sig á því að eftir síauknar heimildir samkeppnisyfirvalda og ítarlegri samkeppnisreglur þá telji menn nú að þær almennu samkeppnisreglur nái ekki til fyrirtækja í fjölmiðlun.

Verzlunarráð telur að með frumvarpinu sé gengið miklu mun lengra en nauðsynlegt er telji menn brýnt að kveða á um eignarhald á fjölmiðlum í löggjöf.

Verzlunarráð gerir eftirfarandi athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins:

Að mati ráðsins er ákvæði 1. gr. a. afar íþyngjandi og til þess fallið að hefta raunverulega þróun á fjölmiðlamarkaði.

Fyrirtæki í öðrum rekstri:

Íslensk fyrirtæki hafa svo áratugum skiptir verið mikilvæg kjölfesta fjölmiðlunar hérlendis á markaði sem hefur einkennst af meiri ríkisumsvifum en í flestum nágrannalöndum okkar. Verzlunarráð telur ekki að fjölbreytni útvarps og sjónvarps stafi ógn af eignarhaldi fyrirtækja í annars konar rekstri. Þvert á móti mætti ætla að aðkoma fyrirtækja á ýmsum sviðum að fjölmiðlun gæti leitt til meiri fjölbreytni.

Fyrirtæki í markaðsráðandi stöðu:

Verslunarráð telur ekki rétt að meina fyrirtækjum í markaðsráðandi stöðu þátttöku í útvarpsrekstri. Þrátt fyrir umtalsverð ríkisumsvif og algera fjárhagslega yfirburði ríkisstöðvanna hefur mikil gróska verið í einkafjölmiðlum og vel á annan tug öflugra fyrirtækja hafa lagt fé í þá. Verði nýtt frumvarp að lögum verður flestum þessara fyrirtækja gert erfitt að fjárfesta í starfsemi af þessu tagi vegna markaðshlutdeildar sinnar á öðrum sviðum. Á eins litlum markaði og sá íslenski er liggur ljóst fyrir að fjölmörg fyrirtæki geta talist markaðsráðandi á sínum sviðum, jafnvel lítil fyrirtæki. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir aðkomu samkeppnisyfirvalda við mat á því hvort fyrirtæki teljist markaðsráðandi en í ljósi ákvarðana samkeppnisyfirvalda undanfarin ár má ætla að túlkun þeirra á hugtakinu verði afar víðtæk.

25% eignarhlutur:

Verslunarráð telur þessa reglu afar íþyngjandi og takmarka mjög möguleika á einkarekstri í fjölmiðlum. Þá dregur Verslunarráð í efa að raunhæft sé að einblína svo mjög á eignarhaldið sem slíkt. Því má velta fyrir sér hvort að eignarhald fyrirtækis í fjölmiðli hafi endilega meiri áhrif í skilningi frumvarpsins heldur en t.a.m. lánveitingar fyrirtækisins til fjölmiðilsins. Verslunarráð telur engin rök til þess að takmarka eignarhald á fjölmiðlum með þessum hætti.

Útvarpsleyfi/útgáfa dagblaðs:

Verslunarráð telur að þær takmarkanir sem settar eru á möguleika fyrirtækja til að eiga bæði ljósvakamiðla og dagblöð séu óskynsamlegar og komi í veg fyrir að fyrirtæki á þessum markaði fái að þróast í samræmi við breytta tíma.

Verslunarráð telur að 1. gr. frumvarpsins sé ekki til þess fallin að auka fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði en geti hins vegar dregið úr gegnsæi eignarhalds á fjölmiðlum.

Í greinargerð með frumvarpinu koma ekki fram hugmyndir um hvert skipulag fjölmiðlamarkaðarins kemur til með vera tveimur árum eftir að frumvarpið verður að lögum. Vangaveltur um slíkt hljóta þó að teljast mikilvægar við svo viðamikla skipulagsbreytingu og hér er lögð til.

Verslunarráð telur að upplýsingar um afleiðingar frumvarpsins séu ófullnægjandi, bæði hvað varðar fyrirkomulag á fjölmiðlamarkaðinum og einnig hvað snertir hugsanlega skaðabótakröfu núverandi fjölmiðlafyrirtækja á hendur ríkinu.

Í greinargerð frá fjármálaráðuneyti kemur fram að verði frumvarpið að lögum hafi það óveruleg áhrif á útgjöld ríkissjóðs, og það þó verkefni útvarpsréttarnefndar aukist nokkuð. Verslunarráð dregur þessa spá ráðuneytisins í efa. Utanríkisráðherra hefur þegar lýst því í sjónvarpsviðtali (Kastljós 28/4/04) að verkefni samkeppnisyfirvalda muni aukast nái frumvarpið fram að ganga og aðspurður sagði hann meira fjármagn þurfa til Samkeppnisstofnunar.

Verslunarráði þykir það ótrúverðugt að kostnaður vegna frumvarpsins liggji ekki nú þegar fyrir.

Að lokum vill Verslunarráð ítreka afstöðu sína til ríkisrekstrar á fjölmiðlamarkaði. Ef menn telja að íslensk fjölmiðlum glími við vanda þá er sá vandi ekki fólgin í hlutafjárþátttöku fyrirtækja í einkafjölmiðlum heldur í algerri yfirburðastöðu ríkisfjölmiðla. Verði ofangreint frumvarp að lögum er

hætt við að afleiðing einokunar RÚV komi enn frekar í ljós og stoðir einkarekstrar í fjölmiðlum veikist. Verslunarráð leggur á það áherslu að samkeppni á fjölmiðlamarkaði verður ekki nægilega tryggð fyrir en ríkið dregur sig úr rekstri á þessu sviði. Ríkisútvarpið hindrar einkaaðila í að komast inn á fjölmiðlamarkaðinn, bæði með því að vera í beinni samkeppni um dagskrárefni (sem ekki virðist vera í neinu samræmi við lögbundið hlutverk Ríkisútvarpsins) og einnig með harðri samkeppni á auglýsingamarkaði. Verslunarráð hefur lengi hvatt til þess að Ríkisútvarpið verði gert að hlutafélagi með það að markmiði að ríkið dragi sig úr rekstri þess.

Verslunarráð hvetur til þess að eignarhald á Ríkisútvarpinu verði skoðað með það að leiðarljósi að ríkið hverfi frá rekstrinum í einhverjum mæli.

Verslunarráð leggst gegn því að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráð Íslands,

Sigríður Ásthildur Andersen.